

## Læsisstefna

Læsisstefnu Grunnskóla Borgarfjarðar eystra er ætlað að auka leshraða, skilning og áhuga nemenda á lestri og er unnin samræmi við áherslur og samning grunnskólanna á Austurlandi um bættan námsárangur.

- Nær til grunn- og leikskóla
- Sett eru viðmið um lágmark lesturs í heimanámi og daglegu starfi í skólanum
- Sett eru viðmið um árangur í leshraða og lesskilningi fyrir árgangana
- Reglubundnar skimanir í öllum árgöngum verða innleiddar og eftirfylgni eftir niðurstöðum þeirra

Áætlun um markmið og leiðir í lestri fyrir skólaárið 2015-2016 voru unnar á kennarafundi 29. maí 2015 eftir drögum frá skólastjóra að undangengnum umræðum á kennarafundum eftir áramót 2015. Mætt voru Hólmfríður, Jóna Björg, Kristján Geir og Bryndís Skúla. Yfirfarið og samþykkt af skólastjóra. Stefnan var kynnt og tekin til umræðu í skólaráði júní 2015 og samþykkt af skólanefnd sem hluti af starfsáætlun skólans í júlí 2015.

## Viðmið um leshraða og lestur fyrir Grunnskóla Borgarfjarðar eystra

Árgangur	Leshraði á mínútu, viðunnandi árangur að vori	Markmið	Tími í skóla til lestur fjölbreytts texta, daglegur lestur	Daglegur tími sem fer í heimanám í lestri
<b>Við lok leikskóla</b>	Hafi unnið með stafina á fjölbr. hátt heiti á þeim og hljóðin. Áhersla á málþroska og málvitund	Hafi yndi af hlustun á sögur og skoðun bóka við hæfi aldurs	2X10 mínútur	Æskilegt er að foreldrar lesi amk. 15 mínútur fyrir börn sín daglega. Foreldrar tvítyngdra barna sjái til þess að börn þeirra hlusti á hljóðbækur á því tungumáli sem minna er notað daglega, og fylgist með íslensku

						barnaefni í sjónvarpi.
<b>1.bekkur</b>	Þekki alla stafina og hljóð þeirra geti lesið 30 -50 atkv. á mínútu	Sé jákvæður fyrir lestri	60 mínútur í mismunandi verkefnum lágmarki			10 – 15 mínútur að lágmarki
<b>2.bekkur</b>	50-120 atkv. á mínútu	Sé jákvæður fyrir lestri og sýni áhuga á að lesa sér til yndis.	60 mínútur í mismunandi verkefnum lágmarki			10 – 15 mínútur að lágmarki
<b>3.bekkur</b>	120-150 atkv. á mínútu	Sé jákvæður fyrir lestri. Lesi sér til yndis og þekkingaröflunar, í skólanum og heima. Lesi margvíslegan texta.	20 -60 mínútur í mismunandi verkefnum lágmarki			15 mínútur að lágmarki
<b>4.bekkur</b>	180 -230 atkv. á mínútu	Sé jákvæður fyrir lestri. Lesi sér til yndis og þekkingaröflunar, í skólanum og heima. Lesi margvíslegan texta.	30 - 60 mínútur í mismunandi verkefnum lágmarki			15 mínútur að lágmarki
<b>7.bekkur</b>	280 atkv. á mínútu	Sé jákvæður fyrir lestri. Lesi sér til yndis og þekkingaröflunar. Lesi margvíslegan texta við hæfi aldurs og þroska.	60 mínútur í mismunandi lágmarki			20 mínútur að lágmarki
<b>9. bekkur</b>	350 atkv. á mínútu	Sé jákvæður fyrir lestri. Lesi sér til yndis og þekkingaröflunar. Lesi margvíslegan texta við hæfi aldurs og þroska.	60 mínútur í mismunandi lágmarki			30 mínútur að lágmarki

**Lesskilningur mældur með samræmdum próftextum sem og með Orðarún viðunnandi árangur er efra meðallag það er > 14 stig af 20**

### **Leikskóli:**

- Leitast við að efla málþroska allra leikskólabarna í gegnum söng, þulur, rímur o.s.frv., einnig regluleiki og hlutverkaleiki

- Leitast við að efla málþroska 4-6 ára leikskólabarna með því að ríma, klappa samstöfur, flokka í yfir-og undirhugtök
- Lesið fyrir börnin í 2x10 mínútur á dag ásamt söng, grunnskólanemendur koma með upplestur 1x í viku.
- Foreldrar hvattir til að lesa fyrir börn sín og leyfa þeim að hlusta á sögur heima fyrir
- Foreldrar tvítyngdra barna sjái til þess að börn þeirra hlusti á hljóðbækur á því tungumáli sem minna er notað daglega, ásamt því að fylgjast með íslensku barnaefni í sjónvarpi.
- Færa þarf bókahillu inn á leikskóladeild.
- Ath. Skólastundir (ath. orðalag, grunnskólastundir?) 5 ára barna með yngri deild. Mælt með því að grunnskólakennari komi í leikskólann með stafainnlögn o.fl., leikskólabarnið fari í hlutverkaleiki í kennslustundum yngri deildar. Tilgangurinn að skapa samfellu milli skólastiga og auka virðingu fyrir leikskólanum sem skólastigi.
- Reglubundnar skimanir og úrvinnsla í samræmi við niðurstöður TRAS / EFI2

### Grunnskóli:

Þrjú meginmarkmið skólaársins 2015-2016:

- Að bæta aðgengi nemenda að lesefni.
- Að efla áhuga nemenda á lestri.
- Að auka lestrarafköst nemenda og lesskilning þeirra.

### **Leiðir að markmiðunum:**

- **Forsenda fyrir eflingu áhuga og auknum afköstum í lestri er að bæta aðgengi að lesefni og auka tíma til lestrar.**
- Kaupa nýjar áhugaverðar bækur og tímarit á skólabókasafnið.
- Kanna samstarf við Bókasafn Héraðsbúa um lánsbækur. Ábyrgðarmaður innan skólans sem hefur umsjón með útlánnum og skilum.
- Kynna nemendum Bókasafn Héraðsbúa, og að þar geti þeir fengið lánaðar bækur? Ferð á safnið.
- Gera áhugasviðskönnun að hausti til að fá vísbendingar um hvernig bækur væru hentugar fyrir hvern og einn. Hvernig bækur vilja nemendur lesa?
- Ath. umgjörð skólabókasafns. Getur tónlistarkennsla farið fram í öðru rými? Lestrarhorn fyrir nemendur á bókasafninu eða annarsstaðar í húsinu: dýnur, púðar, pullur, stór himnasæng, tjöld, seríur, lampar.
- **Lestrarhvatning:** bækur eftir áhugasviði, rafbækur í spjaldtölvum og snjalltækjum, netmiðlar, bókabingó. Koma afrakstrinum í form, listaverk á vegg t.d. fiðrildi sem fjölgar eftir afköstum.
- **Allir lesa – lesstund daglega í 15 mínútur**, þar sem nemendur og kennarar lesa sér til ánægju.
- **Upplestur vikulega**, skipt á milli nemenda, kennara, foreldra, grenndarsamfélagsins. T.d. áhugaverð lesning, þjóðsögur, ljóð, uppáhalds bókin, fréttir.
- **Grunnskólanemendur fara 1x í viku í pörum og lesa fyrir leikskólabörnin.**

- Reglulegt bókmenntaspjall og bókarýni á eyðublöðum.
- Áhersla á gæða bókmenntir og vinnu með íslendingasögur í tengslum við ritgerðir og þemaverkefni, frá miðstigi
- Nemendur með bókagagnrýni eins og í Kiljunni, Orðbragðsinnslæg, ljóðatúlkun. Hægt að taka upp á vídeó inni í námshópnum.
- Nemendur semja sögur og ljóð, lesa upp fyrir alla.
- 3 nemendur í Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk á næsta skólaári.
- Spil sem efla læsi nýtt: Netskrafl, Orðaskak, Scattergories, Fimbulfamb, Heilaspuni, Alias, Bananagrams. Kaupa þyrfti ný spil.
- Skimanir og góð eftirfylgni
- Virkja heimilin/foreldra til þátttöku, nýir heimalestrarmiðar haustið 2015.
- Nýta fjölbreyttar aðferðir við lestur og fjölbr. Efni. s.s. kórlestur,skiptilestur, paralestur, Pals, gagnvirkur lestur, kann vil vita hef lært, 5 þrep, yndislestur, ofl.

Endurskoðist af kennurum árlega að vori